

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 19. stjórnarfundar, haldinn 19. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 09:00-12:30.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn undir liðum 2 og 3 og Dagný Lísa Davíðsdóttir sat fundinn undir lið 3.

Óskar Jósefsson vék af fundi á meðan ákvörðun var tekin í einu máli. Örn Viðar Skúlason vék af fundi á meðan ákvörðun var tekin í einu máli.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerðir 18. fundar

Fundargerðir 18. fundar samþykkt.

### 2. Almennt um stöðu verkefnisins

Framkvæmdastjóri fór almennt yfir stöðu mála í verkefninu og helstu úrlausnarefni sem þarfnað sérstakrar meðferðar. Samningar við lánveitendur voru sendir til undirritunar 18. apríl.

### 3. Greining á frávikamálum

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir þau mál sem munu krefjast sérstakrar afgreiðslu. Um er að ræða beiðnir um undanþágur frá skilyrði um lögheimili, umsóknir vegna húsa í smíðum, umsóknir búseturéttarhafa, umsóknir frá dánarbúum og nokkur fleiri mál. Framhald málanna rætt og hvenær mögulegt verður að taka þau til afgreiðslu.

### 4. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 35 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í 23 tilvikum. Tólf eignir töldust þurfa nánari skoðun. Af þeim eignum sem samþykkt var að kaupa voru sex eignir óveðsettar. Í öðrum tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að ganga megi frá kaupum þegar undirritaðir samningar við lánveitendur liggja fyrir. Í 9 tilvikum voru kaupin samþykkt með fyrirvara um að yfirlýsing fáist frá húsfélagi, ef það er til staðar, vegna íbúða í fjöleignarhúsum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 5. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður 22. apríl kl. 17:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:30.

Óskar Jósefsson

Guðrún Þorleifsdóttir